

Landsvirkjun
Einar Erlingsson
Háaleitisbraut 68
103 Reykjavík



Reykjavík 28. apríl 2016
UST201604-110/B.S.
09.07.01

Efni: Leyfi til framkvæmda - Laxá III - breytingar á inntaki

Umhverfisstofnun hefur mótttekið erindi Landsvirkjunar dags. 15. apríl sl. vegna fyrirhugaðra framkvæmda í Laxá í Suður-Þingeyjarsýslu. Framkvæmdin er innan þess svæðis sem lög nr. 97/2004 um verndun Mývatns og Laxár ná til. Skv. 2. mgr. 3. gr. laganna skal leita leyfis Umhverfisstofnunar fyrir hvers konar framkvæmdum sem haft geta áhrif á lífríki, jarðmyndanir og landslag á landsvæðinu sem verndun nær til.

Lýsing framkvæmdar: Inntaki Laxárvirkjunar III verður breytt sem og norðurhluta núverandi stíflumannvirkis. Tilgangur framkvæmda er m. a. að auðvelda fleytingu á ís um stífluna og auðvelda hreinsun á seti sem safnast fyrir við stífluna. Fyrirhugaðar framkvæmdir eru umfangslitlar og áhrifasvæði þeirra lítið og munu þær ekki breyta vatnsborði árinna eða rennsli hennar. Fyrirhugað framkvæmdasvæði er að stórum hluta manngert og raskað.

Áhrifamat: Öll mannvirki tímabundin og varanleg eru innan svæðis sem raskað var við byggingu Laxárvirkjunar I og III. Ekki verða breytingar á vatnsborði árinna. Með bréfi dagsettu 27. apríl sl. kom fram að Skipulagsstofnun taldi að framkvæmdin væri ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og ákvað stofnunin að framkvæmdin skyldi ekki fara í mat á umhverfisáhrifum. Í því ferli var leitað umsagna Þingeyjarsveitar, Fiskistofu, Heilbrigðiseftirlits Norðurlands Eystra og Umhverfisstofnunar. Einnig lá fyrir umsögn Veiðimálastofnunar. Umhverfisstofnun bendir á að rétt væri að framkvæmdaaðili hefði einnig samráð við veiðifélög réttthafa við Laxá vegna framkvæmdarinnar.

Umhverfisstofnun hefur í tengslum við leyfisveitinguna leitað umsagna Náttúruvísunarséðvarinnar við Mývatn og Náttúrufræðistofnunar Íslands og hafa þær umsagnir borist. Ekki eru gerðar athugasemdir við framkvæmdina í innkomnum umsögnum. Umhverfisstofnun telur því að framkvæmdin muni ekki valda spjöllum eða raski á lífríki, jarðmyndunum eða landslagi á verndarsvæðinu að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum.

Skilyrði

Umhverfisstofnun veitir fyrir sitt leyti leyfi fyrir framkvæmdum við inntak og stíflu Laxárvirkjunar III að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:


- Umhverfisstofnun skal upplýst um upphaf og lok framkvæmdar.
- Að verktaka og þeim sem starfi við framkvæmdina sé gerð grein fyrir því að lífríki svæðisins er mjög viðkvæmt og ætíð verði gætt ítrustu varkárni við framkvæmdir.
- Að verktaka og þeim sem komi að framkvæmdinni verði kynnt þau skilyrði sem hér koma fram.


- Framkvæmdasvæði í ánni verði takmarkað eins og kostur er.
- Lögð verði mikil áhersla á að hindra að steypa eða olía berist í ána.
- Gengið verði frá efni sem grafið verði úr árfarvegi svo það gruggi ekki árvatn.
- Gengið verði þannig um framkvæmdasvæðið á þann hátt að ekki verði nein hættu á því að lífríki árinna eða nærumhverfi skaðist. Þetta felur m.a. í sér að gengið verði frá jarðvegssárum á bökkum á þann hátt að ekki skolist jarðvegur út í ána.
- Kannaðir verði möguleikar að flytja set áfram niður í farveg Laxár neðan virkjana, þar sem talið er að slíkt gæti bætt búsvæði fiska. Það skuli þó aðeins gert ef Fiskistofa metur það til bóta fyrir búsvæði fiska.
- Stíflur verði komnar upp fyrir 1. júní og ekki verði hreyft við þeim þar til eftir 20. september.
- Að til staðar sé viðbragðsáætlun sem gripið verði til ef upp koma mengunarslys.
- Allur frágangur eftir framkvæmdina verði góður.

Eftirlit

Umhverfisstofnun mun hafa eftirlit með framkvæmdum og frágangi á svæðinu. Eftirlitið verður framkvæmt af eftirlitsmanni frá Umhverfisstofnun. Innheimt verður fyrir eftirlitið samkvæmt gjaldskrá stofnunarinnar 13.200 kr/klst

Virðingarfyllst


Aðalbjörg B. Guttormsdóttir
Teymisstjóri


Ólafur A. Jónsson
Sviðsstjóri